

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 697/2004**  
**um takmörkun tiltekinna efna í raftækjum.**

1. gr.

1. gr. orðast svo:

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun tiltekinna skaðlegra efna og efna-sambanda í raftækjum og stuðla þannig að verndun heilsu manna og minna álagi á umhverfið vegna endurnýtingar og förgunar raftækja.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

a) Stafliður b) orðast svo:

endurselur raftæki undir eigin vörumerki sem aðrir framleiða, en endursöluaðilinn telst þó ekki vera framleiðandi ef vörumerki framleiðandans er á búnaðinum sbr. a liður, eða,

b) Stafliður c) orðast svo:

flytur raftæki inn eða út af EES-svæðinu í atvinnuskyni.

c) 2. mgr. fellur niður.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

a) 1. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, flytja út, dreifa eða selja ný raftæki sem innihalda efni og efnasambönd sem talin eru upp í 1. mgr. 2. gr.

b) Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja inn, dreifa og selja raftæki sem afhent hafa verið frá framleiðanda og markaðssett á EES-svæðinu fyrir 1. júlí 2006.

4. gr.

Í stað texta í viðauka II, Notkun á blýi, kvikasilfri, kadmíum og sexgildu krómi sem undanþegið er banni samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar, kemur texti sbr. fylgiskjal við reglugerð þessa.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á ákvörðunum 2005/618/EB, 2005/717/EB, 2005/747/EB og 2006/310/EB sem vísað er til í tl. 12q, XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2003, þann 8. nóvember 2003.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júlí 2006.

*Umhverfissráðuneytinu, 29. júní 2006.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

### **Fvlgiskjal 1.**

#### VIÐAUKI II

**Notkun á blýi, kvikasilfri, kadmíum, sexgildu krómi, fjölbrómbifenýla (PBB) eða fjölbrómdífenýletera (PBDE) sem undanþegið er banni samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.**

1. Kvikasilfur í samþjöppuðum flúrlömpum í magni jafnt eða lægra en 5 mg á hverja flúrperu.
2. Kvikasilfur í aflöngum flúrlömpum til almennra nota með magni jafnt eða lægra en eftirtalið í hverjum lampu:
 

- halógenfosföt	10 mg
- trífosföt með eðlilegan líftíma	8 mg
- trífosföt með langan líftíma	5 mg
3. Kvikasilfur í aflöngum flúrlömpum til sértækra nota.
4. Kvikasilfur í öðrum lömpum sem ekki eru sérstaklega tilgreindir í þessum viðauka.
5. Blý í gleri katóðumyndlampu, rafrásarhlutum og flúrlamparörum.
6. Kvikasilfur sem málmblendi í:
  - stál, 0,35% þyngdarhlutfall af blýi,
  - ál, 0,4% þyngdarhlutfall af blýi,
  - kopar, 4% þyngdarhlutfall af blýi.
7. Blý í:
  - lóðmálmi með hátt bræðslumark (t.d. blýblendi sem er yfir 85% blý miðað við þyngd),
  - lóðmálmi fyrir netþjóna og gagnageymslusvæði netþjóna,
  - lóðmálmi fyrir grunnnetkerfi fyrir rofa, merkjakerfi, sendingar sem og netstjórnun fjarskipta,
  - keramik í rafeindahlutum, t.d. þrýstirafeindahlutum (piezo).
8. Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum og kadmíumhúð, að undanskilinni notkun sem er bönnuð samkvæmt reglugerð um notkun og bann við notkun kadmíums og efnasambanda þess.
9. Sexgilt króm sem tæringarvörn í stálkælikerfum ísogskæla.
10. a) Dekabrómdífenýleter (DecaBDE) í fjölliðuðu efni.  
b) Blý í legubökkum og -fóðringum úr blýbrónsi.
11. Blý sem er notað í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum.
12. Blý sem er notað sem húðunarefni fyrir opna (c-laga) hringa í varmaleiðandi einingum.
13. Blý og kadmíum í ljóstæknigleri og glersíum.
14. Blý í lóðningarefni, gerðu úr fleiri en tveimur frumefnum, sem er notað til tengingar pinna við örgjörvastaflann og hlutfall blýsins er yfir 80% og undir 85% miðað við þyngd.
15. Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarfnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum („flip-chip“).

16. Blý í silikathúðuðum, aflöngum glóperum.
17. Blýhalíð sem er notað sem geislunarefni í hástyrksúrhleðslulampa (HID) sem fagmenn í eftirtökuljósmyndun nota.
18. Blý sem er efnahvati í flúrljómandi dufti (hámark blýs: 1% miðað við þyngd) í úrhleðslulömpum sem eru notaðir sem sólarlampar og innihalda fosfór, svo sem BSP ( $\text{BaSi}_2\text{O}_5:\text{Pb}$ ), eða notaðir sem sérhæfðir lampar sem og innihalda fosfór, svo sem SMS ( $(\text{Sr},\text{Ba})_2\text{MgSi}_2\text{O}_7:\text{Pb}$ ), og eru notaðir við eftirtökuljósmyndun (díasóprentun), við steinþrykk, í skordýragildrum og í ljósefnafræðilegum ferlum og þurrkunarferlum.
19. Blý með PbBiSn-Hg og PbInSn-Hg í sérstökum samsetningum sem meginamalgam og með PbSn-Hg sem hjálparamalgam í mjög fyrirferðarlitlum, orkusparandi lömpum (ESL).
20. Blýoxíð í gleri sem er notað til að festa saman glerskífurnar sem mynda fram- og bakhlið í flötum flúrlömpum sem eru notaðir í vökvakristalsskjái (LCD).